# 1. fundur.

Aðalfundur var haldinn í Lífeyrissjóði VFÍ 8. nóv. 1955 í Tjarnarkaffi og hófst hann kl. 23^30 að loknum fundi í VFÍ.

Skúli Guðmundsson ritari stjórnar LVFÍ. setti fundinn í fjarveru formanns og stakk upp á Viggo Maack sem fundarstjóra, og var það samþykkt.

Fundarstjóri upplýsti, að aðalfundur hefði verið boðaður 20. okt. s.l. með löglegum fyrirvara, en hann hefði ekki orðið lögmætur sökum ónógrar fundarsóknar. Hefði þá aftur verið boðað til fundar með bréfi dags. 24. okt. s.l. og lýsti fundarstjóri því fundinn lögmætan aðalfund LVFÍ, og var gengið til dagskrár.

1. Skúli Guðmundsson flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann í stórum dráttum fyrst tildrögin að stofnun sjóðsins. Launakjarabarátta verkfræðinga tók nýja stefnu með stofnun Stéttarfélags verkfræðinga í febrúar 1954 og

~~var~~ eitt af þeim atriðum,
sem tekin voru til athugunar
var stofnun lífeyrissjóðs.
Rögnvaldur Þorláksson, Hinrik
Guðmundsson og Skúli Guðmunds-
son voru skipaðir í nefnd
til að athuga málið. Komst
hún að þeirri niðurstöðu, að
mikill hugur væri hjá félags-
mönnum á stofnun slíks
sjóðs og að fjárhagslegur grund-
völlur væri einnig fyrir hendi,
ef samningar tækjust við
vinnuveitendur.

Haustið 1954 tókust samningar
milli S.V. annarsvegar og
Vinnuveitenda~~félags~~ sambands Íslands og
Reykjavíkurbæjar hinsvegar, um
kaup og kjör verkfræðinga. Í
þeim var gert ráð fyrir, að
vinnuveitendur greiddu ákveðið
tillag til lífeyrissjóðs verk-
fræðinga. Varð því að vinda
bráðan bug að stofnun slíks
sjóðs.

Á fundi í VFÍ 28. sept. 1954
var samþykkt að stofna sjóðinn.
Ennfremur voru ákveðin nokkur
meginatriði reglna – réttur til
þáttöku – tillag o. fl.

Bráðabirgðastjórn, sem vinna skildi að undirbúningi endanlegra reglna, taka við greiðslum og ávaxta þær, var og kosin. Áttu sæti í henni sömu menn og verið höfðu í undirbúningsnefnd S.V.

Vann stjórnin síðan áfram að samningu reglugerðar fyrir sjóðinn með aðstoð Guðmundar Guðmundssonar, tryggingafræðings. Var hún lögð fyrir 2. framhaldsaðalfund VFÍ 29. marz 1955 og samþykkt. Staðfesting fjármálaráðuneytisins fékkst á reglugerðinni 29. apríl 1955, en þá staðfestingu þarf, til að draga megi iðgjöld til sjóðsins frá skattskyldum tekjum.

Komið hefur í ljós við álagningu skatta að fá þarf samþykki Tryggingarstofnunar ríkisins á reglugerð Lífeyrissjóðsins til að iðgjöld sjóðfélaga ~~verði lækkuð~~ til almannatrygginga verði lækkuð. Samþykki Tryggingarstofnunarinnar er hinsvegar bundið skilyrði um smábreytingu á reglugerð LVFÍ.

Skúli gerði síðan grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefði á

að halda aðalfund, sem aðallega stafaði af tvennu. Lengi hefði staðið á greiðslu frá einum stórum atvinnurekanda, sem gert hefði fyrirvara við undirskrift kjarasamnings haustið 1954 og nýjir kjarasamningar hefðu staðið fyrir dyrum s.l. vor og stjórnin því talið rétt að fresta aðalfundi til hausts.

Síðasta Alþingi gerði breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem gerðu mögulegan flutning í viðurkenndan lífeyrissjóð. Væri stjórnin nú að vinna að flutningi nokkurra manna yfir í LVFÍ.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnarinnar og var hún samþ. samhljóða.

2. Hinrik Guðmundsson, gjaldkeri stjórnarinnar lagði fram endurskoðaða reikninga sjóðsins og voru þeir samþ. samhljóða.

3. Stjórnin lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Í reglugerðina komi ný grein, svohljóðandi:

„11. grein.
Lágmark lífeyris.

Verði elli-, örorku-, ekkju- eða barnalífeyrir, sem A-deild sjóðsins veitir skv. þessari reglugerð, lægri en tilsvarandi bætur skv. almannatryggingarlögum, skal hann hækkaður um mismuninn.

Fari sjóðfélagi úr sjóðnum í lifanda lífi án þess að eiga rétt á elli- eða örorkulífeyri og án þess að flytjast skv. ákvæðum 14. gr. í annan sjóð, sem nýtur viðurkenningar Tryggingarstofnunar ríkisins, skal sjóðurinn greiða til almannatrygginga iðgjöld þau, sem viðkomandi sjóðfélagi hefur fengið undanþágu frá að greiða. Gjald þetta skal draga frá iðgjaldagreiðslu skv. 14. gr."

Tölusetning greina breytist við þetta. Þannig er 14. gr., sem hér er vísað til 13. gr., og aðrar tilvísanir í reglug. breytast skv. eðli málsins."

Tillagan var samþykkt með 27 samhljóða atkvæðum. Viðstaddir atkvæðagreiðslu voru 29 sjóðfélagar.

4. Stjórnarkjör. Kjósa skyldi þrjá menn í stjórn til þriggja ára (til aðalfundar 1958)
Fundarstjóri stakk upp á eftirtöldum mönnum í stjórn og voru þeir sjálfkjörnir:
Hinrik Guðmundsson
Rögnvaldur Þorláksson
Skúli Guðmundsson.

5. Kjör tveggja endurskoðenda til eins árs. Sjálfkjörnir voru:
Árni Björnsson lögg. endurskoð.
Brynjólfur Stefánsson

Fundi slitið.

Skúli Guðmundsson
fundarritari